

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar íslenskra skipa á vetrarvertíð 2021/2022.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða íslenskra skipa úr fiskveiðilandhelgi Íslands, Grænlands og Jan Mayen á tímabilinu frá og með 15. október 2021 til og með 30. apríl 2022.

2. gr.

Aðeins skipum sem hafa aflamark í loðnu er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla.

Skip er hafa aflamark í loðnu og stunda loðnuveiðar skulu skila inn upplýsingum um dælubúnað til flutnings afla og hvar mögulegt er að dæla honum úr skipinu. Þessum upplýsingum skal skila í tölvupósti til fiskistofa@fiskistofa.is merkt "vacuum".

Leyfilegur hámarksafli íslenskra loðnuveiðiskipa á loðnuvertíðinni er sem hér segir:

A	B	C
Tonn	Tonn	Tonn
662.064	35.089	626.975

Skýringar á töflu:

A. Leyfilegur heildarafl.

B. Skerðing skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%).

C. Fiskistofa úthlutar til skipa á grundvelli aflahlutdeildar.

3. gr.

Loðnuveiðar eru heimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands, Grænlands og Jan Mayen. Þó er íslenskum skipum einungis heimilt að stunda loðnuveiðar austan Hvarfs og norðan 64°30'N í lögsögu Grænlands og er þeim þar aðeins heimilt að veiða 35% af leyfilegum heildarafla íslensku skipanna. Í lögsögu Jan Mayen er þeim aðeins heimilt að veiða 35% af leyfilegum heildarafla íslensku skipanna til 15. febrúar 2022.

Óheimilt er að stunda loðnuveiðar í lögsögu annarra ríkja en skv. 1. mgr., nema að fenginni staðfestingu Fiskistofu á fyrirliggjandi leyfi frá viðkomandi stjórnvöldum.

Við loðnuveiðar í lögsögu annarra ríkja skal fara eftir reglum sem viðkomandi stjórnvöld setja, auk þess skal tilkynna til Fiskistofu þegar farið er inn í og út úr viðkomandi lögsögu, ásamt upplýsingum um afla um borð í báðum tilvikum, og daglega skal tilkynna um afla síðastliðinn sólarhring. Tilkynningar skal senda á netfangið uthafsv@fiskistofa.is.

4. gr.

Loðnuafli skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa loðnu til bræðslu og heilfrystri loðnu í höfnum erlendis enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Jafnframt er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvigtaðri loðnu um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé tryggt að skráning og vigtun afla sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar loðnu utan íslenskra hafna til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og áætlað magn loðnu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda loðnunnar, eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

Heimilt er að miðla afla úr nótum á miðunum, milli skipa sem hafa leyfi til loðnuveiða í því skyni að koma í veg fyrir að loðnu sé sleppt dauðri úr nótum. Fáir veiðiskip svo stórt kast að skipstjóri telji að ekki sé lestartrymi fyrir þann afla sem hann áætla að sé í nótinni og ekkert skip nærstatt til að miðla loðnuafli til, skal heimilt, áður en verulega er þrengt að loðnunni í nótinni, að sleppa niður lifandi loðnu sem fyrirsjáanlega rúmast ekki í lestum skipsins. Vinnsluskipunum er ekki heimilt að sleppa niður loðnu til að samræma afla vinnslugetu.

Um vigtun á loðnu gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla.

5. gr.

Aðeins er heimilt að stunda loðnuveiðar með flotvörpu innan svæðis sem afmarkast af línunum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

1. 67°11'N - 014°30'V
2. 68°00'N - 014°30'V
3. 68°00'N - 008°30'V
4. 65°15'N - 008°30'V
5. 65°15'N - 011°20'V
6. 66°05'N - 011°30'V
7. 66°15'N - 012°00'V
8. 66°12'N - 012°22'V
9. 66°40'N - 012°40'V
10. 66°47'N - 013°00'V
11. 66°52'N - 013°08'V
12. 67°11'N - 014°30'V

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra tekið ákvörðun um að ákveðinn fjöldi skipa stundi tilraunaveiðar á loðnu í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunar.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 60/2021 um loðnuveiðar íslenskra skipa á vetrarvertíð 2021.

Ákvæði til bráðabirgða.

Atvinnuvega-Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar er heimilt til og nýsköpunarráðuneytinu, með 12.31. október janúar 2021-2022 að stunda veiðar á loðnu með flotvörpu á svæði sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

Kristján 67°11' Þór N Júlíusson - 14°30' V
 sjávarútvegs 67°20' N - 18°00' V
 68°00' N - 18°00' V
 68°00' N - 14°30' V

Jafnframt er þeim skipstjórum sem hyggjast stunda veiðar á fyrrgreindu svæði gert skylt að tilkynna það Fiskistofu eigi síðar en einum virkum degi fyrir upphaf veiða. Séu veiðar áætlaðar á sunnudegi eða mánudegi, skal tilkynna um veiðarnar fyrir hádegi á föstudegi. Skipstjóra er skylt að taka um borð eftirlitsmann samkvæmt nánari fyrirmælum Fiskistofu, og landbúnaðarráðherra skal við það miðað að Fiskistofa sendi útgerð eða skipstjóra tilkynningu þar að lútandi 12 tímum fyrir upphaf veiða. Að jafnaði skal eftirlitsmaður tekinn um borð í höfn á Húsavík og skilað til hafnar á Húsavík.

Áslaug Útgerð Eir viðkomandi Hólmgeirsdóttir skips skal greiða allan kostnað er hlýst af veru eftirlitsmanns Fiskistofu um borð í skipinu.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.